

Glæðum Grímsey

Markmið og framtíðarsýn



GRÍMSEY

SVÓT- GREINING

STYRKLEIKAR

Einstök staðsetning
Tryggð íbúa við Grímsey
Nálægð við fiskimið
Þekking á sviði sjómennsku
Heimskautsbaugurinn
Náttúran/fuglalíf

VEIKLEIKAR

Landfræðileg einangrun
Fáir íbúar
Fjárhagserfiðleikar útgerða Hár
flutnings- og ferðakostnaður
Hár kyndikostnaður / "svört orka"
Skortur á þjónustu
Skólabörn þurfa að fara að heiman
til að ljúka grunnskóla

ÓGNANIR

Árfamhaldandi fólksfækkun
Minni fiskveiðiheimildir
Hærri ferðakostnaður
Hærri flutningskostnaður
Ófullnægjandi ferðatíðni
Fækkun skólabarna/fjölskyldna
Samheldni minnki

TÆKIFÆRI

Fjölgun ferðamanna
Nýjungar í ferðamennsku
Matur frá Grímsey / vinnsla afurða
Auknar fiskveiðiheimildir
Sérstaða í orkuöflun / græn orka
Bættar samgöngur (tíðni/verð)

Framtíðarsýn: Grímsey árið 2021.

Grímsey er vel hirt og falleg eyja í einstöku umhverfi út við ysta haf. Samfélagið þar byggir á traustum grunni í sjávarútvegi og ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Grímsey er vel tengd við fastalandið með flug- og ferjuferðum sem henta íbúum og atvinnustarfsemi í eyinni, auk þess sem nútíma fjarskipti hafa gefið fólki ný tækifæri við val á búsetu. Grímsey er fallett og gott samfélag þar sem samheldni, kraftur og virðing fyrir náttúrunni eru aðalsmerkin.

Meginmarkmið:

Eftirfarandi meginmarkmið hafa það hlutverk að sameina sýn íbúa og annarra sem að verkefninu standa á það hvert verkefninu er ætlað að stefna. Þeim er ætlað að "toga" samfélagið í átt að framtíðarsýninni í krafti starfsmarkmiða og aðgerða sem af þeim leiða.

- **Traustur grunnatvinnuvegur**
- **Samheldið og þróttmikið samfélag**
- **Einstakur staður**



Starfsmarkmið:

Í tengslum við meginmarkmið eru skilgreind starfsmarkmið eftir því sem tilefni gefst til, þau eru mælanleg, tímasett, samþykkt af ábyrgðaraðila, viðeigandi og raunhæf.

Meginmarkmið 1. Traustur grunnatvinnuvegur

- Starfsmarkmið 1.1** Tryggja áframhaldandi aflamark (Byggðastofnunar) til næstu ára. Lokið fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Útgerðin/vinnslan, verkefnisstjóri og Byggðastofnun.

Starfsmarkmið 1.2

Þrýst verði á yfirvöld að finna leiðir til þess að styrkja við byrjendur í sjávarútvegi þannig að nýliðun í greininni sé gerð auðveldari, td. með skattaávilnunum eða sérstökum byggðakvóta fyrir byrjendur. Lokið fyrir árslok 2018.

Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri og Byggðastofnun.

Aðgerð A: Hugmyndum Grímseyinga komið á framfæri við Byggðastofnun og stjórnarsýsluna

Starfsmarkmið 1.3

Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eft. Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi í Grímsey verði komið í gang fyrir árslok 2019.

Ábyrgð: AFE og verkefnisstjórn í samvinnu við atvinnulíf í Grímsey.

Aðgerð A: Komið verði á hugmyndafundum

Aðgerð B: Tengiliður frá AFE fenginn til liðs við frumkvöðla.



Meginmarkmið 2. Samheldið og þróttmikið samfélag

Starfsmarkmið 2.1

Þrýst verði á yfirvöld um að koma á afslætti af fargjöldum með flugi og ferju til íbúa með lögheimili í afskekktum byggðum. Lokið fyrir lok árs 2017.

Ábyrgð: Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri í samstarfi við Akureyrarkaupstað.

Starfsmarkmið 2.2

Ferðum ferjunnar Sæfara verði fjölgað og áætlun hennar betur sniðin að þörfum íbúa og atvinnulífs í Grímsey. Komið verði á virkum samskiptum milli Grímseyinga og Vegagerðarinnar. Lokið fyrir árslok 2017.

Ábyrgð: Vegagerðin, Akureyrarkaupstaður og Verkefnisstjórn.

Aðgerð A: Óskum Grímseyinga um breytingar á áætlun ferjunnar verði komið á blað.

Aðgerð B: Virkum samráðsvettvangi Vegagerðarinnar, Akureyrarkaupstaðar og Grímseyinga verði komið á.

Aðgerð C: Óskum Grímseyinga verði komið á framfæri við Innanríkisráðuneyti og alla þingmenn kjördæmisins.

- Starfsmarkmið 2.3** Bættu GSM símsambandi og AIS tilkynningakerfi verði komið á í og við Grímsey fyrir lok sumars 2017. Komið verði á samræmdum og bættum lausnum í fjarskiptum.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri í samstarfi við Akureyrarkaupstað.
Aðgerð A: Koma á samskiptum við þjónustuaðila síma og AIS kerfis
Aðgerð B: Koma þörfum Grímseyinga á framfæri og ýta á eftir framkvæmdum
- Starfsmarkmið 2.4** Hefja samstarf við Orkustofnun og Vistorku um nútímalegri og sjálfbærari orkøflun og orkunotkun í Grímsey. Samstarfi verði komið á fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, AFE og Akureyrarkaupstaður.
- Starfsmarkmið 2.5** Unnið verði að úrbótum á fráveitumálum Grímseyinga. Úttekt og verkáætlun verði tilbúin fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Verkefnastjóri og Akureyrarkaupstaður í samvinnu við Norðurorku.
Aðgerð A: Koma sjónarmiðum Grímseyinga á framfæri við Norðurorku og ýta á eftir framkvæmdum.
- Starfsmarkmið 2.6** Gerð verði athugun á ástandi gatna og viðhaldspörf þeirra. Einnig verði metin þörf fyrir hraðatakmarkandi aðgerðir. Lokið fyrir september 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarkaupstaðar.
Aðgerð A: Götur yfirfarðar vorið 2017
Aðgerð B: Verkefnum forgangsraðað
- Starfsmarkmið 2.7** Húsnæðispörf Grímseyinga verði metin og lausna leitað í samvinnu við húsnæðiseigendur, sveitarfélagið og ríkið. Lokið fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og Akureyrarkaupstaður.
- Starfsmarkmið 2.8** Viðtalstímum bæjarfulltrúa í eygni verði fjölgað. Fastri reglu verði komið á fyrir haustið 2017.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og verkefnisstjóri.
Aðgerð A: Setja niður á blað óskir um breytingar
Aðgerð B: Samræma við óskir Hríseyinga
Aðgerð C: Óska eftir breytingum



- Starfsmarkmið 2.9** Farið verði í hreinsunaráttak í eygni, bæði á svæðum í eigu bæjarins og á svæðum í einkaeign samhliða árlegu hreinsunaráttaki sveitarfélagsins fyrir lok sumars 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, íbúar og Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarkaupstaðar.
Aðgerð A: Þau svæði sem helst þarfnast hreinsunaráttaks listuð upp.
Aðgerð B: Hreinsunaráttak á framkvæmdaáætlun sumarsins 2017.
- Starfsmarkmið 2.10** Umhverfi gámasvæðis verði bætt og flokkun aukin fyrir maí 2017. Flokkunarílát og fræðsla um sorpflokkunina verði sýnileg eyjarskeggjum og gestum fyrir sumar 2017.
Ábyrgð: Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarkaupstaðar og verkefnisstjóri.
Aðgerð A: Setja niður á blað helstu úrlausnarefni og óskir um úrbætur.
Aðgerð B: Umhverfi og flokkun á gámasvæði fari á áætlun fyrir sumarið 2017.
- Starfsmarkmið 2.11** Gerð verði mæling á hávaða frá rafstöðinni og farið í að vinna að hljóðvörnum ef hávaði er yfir mörkum. Fyrir lok árs 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri og Rarik.
Aðgerð A: Koma áhyggjum Grímseyinga á framfæri við Rarik og fara fram á mælingu
Aðgerð B: Þrýsta á úrbætur.
- Starfsmarkmið 2.12** Gerð verði úttekt og forgangsröðun á því hvaða búnað vantar og hvaða breytingar þarf að gera á Félagsheimilinu Múla/Grímseyjarskóla svo húsið nýtist sem best til skólalahalds, íþróttanotkna og til fundahalds. Úttektina má svo hafa til hliðsjónar þegar sveitarfélagið vinnur að fjárhagsáætlun næstu ára. Lokið fyrir lok árs 2017.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður, Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri.
Aðgerð A: Koma á laggirnar hóp til að taka saman helstu atriði.
Aðgerð B: Fá aðila frá Framkvæmdadeild í hópinn.
Aðgerð C: Forgangsráða atriðum.
- Starfsmarkmið 2.13** Grímseyjarskóli taki þátt í samstarfi, bæði alþjóðlegu sem innlendu. Samstarfi komið á fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Grímseyjarskóli og Akureyrarkaupstaður.
Aðgerð A: Samstarfi komið á við Hríseyjarskóla.
Aðgerð B: Grímseyjarskóli verði hluti af alþjóðlegu samstarfi skóla.
- Starfsmarkmið 2.14** Kannaðir verði möguleikar á því að breyta kennslufyrirkomulagi Grímseyjarskóla þannig að þeim sem það kjósa bjóðist að klára grunnskóla í Grímsey. Klárað fyrir júní 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Verkefnisstjórn og Akureyrarkaupstaður.
Aðgerð A: Hugmyndavinna fari í gang með öllum aðilum sem að málunum standa.

Aðgerð B: Hugmyndum um breytingar komið á framfæri innan stjórnáráðs.

Starfsmarkmið 2.15 Aðstaða barna til leikja og íþróttaiðkunar verði bætt með því að lagfæra og endurnýja útisvæði við skólann. Lokið fyrir haust 2018.

Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og verkefnisstjórn.

Aðgerð A: Tekið verði saman hvað þarf að gera á útisvæði og því forgangsraðað. Foreldrar og kennarar verði með í ráðum.

Aðgerð B: Framkvæmdalisti verði notaður þegar kemur að fjárhagsáætlanagerð sveitarfélagsins næstu 2-3 ár.

Starfsmarkmið 2.16 Tímstundum fyrir börn verði fjölgað, bæði með því að nýta betur hæfileika og þekkingu eyjaskeggja og með því að fá gestakennara eða fjarnámskeið. Áætlun gerð fyrir haust 2017.

Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarskóli og verkefnisstjóri.



Starfsmarkmið 2.17 Boðið verði upp á fræðslu- eða tímstundanámskeið í Grímsey a.m.k. tvisvar á ári í samráði við íbúa. Skoðaðir verði möguleikar á fjarnámskeiðum. Í boði í fyrsta skipti árið 2017.

Ábyrgð: Verkefnastjóri og Akureyrarkaupstaður í samstarfi við Símei.

Aðgerð A: Samstarfi verði komið á við Símei.

Starfsmarkmið 2.18 Tryggð verði betri og jafnari þjónusta læknis og annars heilbrigðisstarfsfólks í Grímsey. Lokið fyrir árslok 2017.

Ábyrgð: Verkefnastjóri í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Starfsmarkmið 2.19 Athugað verði hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að auka aðgang íbúa Grímseyjar að fjarþjónustu á sviði heilsugæslu og félagsþjónustu. Skoðist á hverju hausti í ljósi hraðrar tækniþróunar. Í fyrsta skipti haustið 2017.

Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn



Meginmarkmið 3. Einstakur staður

Starfsmarkmið 3.1 Gerð verði úttekt á því hvernig bæta þurfi innviði fyrir ferðaþjónustuna í Grímsey. Skoðaðar verði gönguleiðir, merkingar, salerni, tjaldsvæði og öryggismál m.t.t. aukins fjölda ferðamanna. Unnið verði að bótum í kjölfarið. Lokið fyrir júní 2017.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Akureyrarkaupstaður og verkefnisstjórn.

Aðgerð A: Verkefnið skilgreint

Aðgerð B: Sótt um styrk í Framkvæmdasjóð eða aðra sjóði.

Aðgerð C: Sérfræðiaðstoð fengin við vinnuna.

Starfsmarkmið 3.2 Sérstaða Grímseyjar verði betur nýtt til markaðssetningar. Markviss markaðssetning Grímseyjar í anda meginmarkmiða verkefnisins. Lokið fyrir ágúst 2017.

Ábyrgð: Akureyrarstofa, Verkefnisstjórn og ferðaþjónustuaðilar.

Aðgerð A: Sérstaða Grímseyjar sem áfangastaðar og búsetustaðar betur skilgreind.

Aðgerð B: Markaðsefni um Grímsey byggja á sérstöðu Grímseyjar.

Starfsmarkmið 3.3 Merki (logo) fyrir Grímsey tilbúið fyrir árslok 2017.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Verkefnisstjórn og Akureyrarstofa.

Aðgerð A: Hugmyndir heimamanna kannaðar. Hugmyndafundir.

Aðgerð B: Hugmyndasamkeppni?

Starfsmarkmið 3.4 Skilgreina reglur um notkun á merki Grímseyjar í handverki og iðnaði fyrir lok árs 2017. Matvælaiðnaður, minjagripaframleiðsla og allskyns handverk geti notað sameiginlegt markaðsefni. Merki Grímseyjar.

Ábyrgð: Verkefnisstjórn og Akureyrarstofa.

Starfsmarkmið 3.5 Þróaðir verði minjagripir sem vísa til sögu Grímseyjar eða eru unnir úr efniviði úr eyggi. Lokið fyrir lok árs 2018.

Ábyrgð: Frumkvöðlar, verkefnisstjóri, Akureyrarkaupstaður og AFE.

Aðgerð A: Hugmyndavinna með heimamönnum, hugmyndafundir.

Aðgerð B: Hjálp með fjármögnum hugmynda.

- Starfsmarkmið 3.6** Ferðapjónusta í Grímsey verði eflað og að minnsta kosti eitt nýtt ferðapjónustutengt fyrirtæki hafi hafið starfsemi í eygni fyrir lok árs 2018.
Ábyrgð: Frumkvöðlar í ferðapjónustu, AFE og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 3.7** Láta hanna og smíða fuglaskoðunar- og útsýnisstað í Grímsey. Verki lokið haustið 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Verkefnisstjórn og Akureyrarkaupstaður.
Aðgerð A: Sækja um styrk til Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða.
Aðgerð B: Staðarval fyrir fuglaskoðunarstað
Aðgerð C: Hönnun á fuglaskoðunaraðstöðu
Aðgerð D: Smíði á fuglaskoðunaraðstöðu
- Starfsmarkmið 3.8** Fiske- safninu verði fundinn staður þar sem hægt er að hafa það aðgengilegt og til sýnis allt árið um kring fyrir vorið 2018.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og verkefnastjóri.
Aðgerð A: Helstu hugmyndir um fyrirkomulag listaðar upp.
Aðgerð B: Staðarval og framkvæmd.
- Starfsmarkmið 3.9** Fundnar verði leiðir til þess að gera fornar minjar og leifar frá búsetu fyrri tíma sýnilegri í umhverfinu og að upplýsingar um þær séu aðgengilegar. Lokið fyrir árslok 2018.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og verkefnastjóri.
Aðgerð A: Fengið álit Fornleifasöfnunar
Aðgerð B: Staðir merktir og gerðir sýnilegir.
- Starfsmarkmið 3.10** Unnið verði deiliskipulag fyrir höfnina og nánasta umhverfi hennar í Grímsey. Lokið fyrir árslok 2018.
Ábyrgð: Skipulagssvið Akureyrarkaupstaðar, Hverfisráð Grímseyjar, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.
Aðgerð A: Deiliskipulagið verði sett á áætlun hjá Akureyrarkaupstað.
Aðgerð B: Fundað verði með íbúum um skipulag hafnarinnar strax í upphafi skipulagsvinnunnar og líka í lokin.
- Starfsmarkmið 3.11** Merkingar og aðstaða við ferjubryggju verði bætt í því skyni að auka öryggi og bæta vinnusvæði. Lokið fyrir september 2017.
Ábyrgð: Vegagerðin, Hafnasamlag Norðurlands, Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarkaupstaðar og verkefnastjóri.
Aðgerð A: Setja helstu atriði sem bæta þarf úr niður á blað og forgangsraða.
Aðgerð B: Koma listanum á framfæri við Hafnarsamlagið og Akureyrarkaupstað og þrýsta á úrbætur.